

**Samantekt: Villinganesvirkjun kostnaðar- og nytjagreining**

**Nemandi: Eðvarð Ingi Friðriksson**

**Sérsvið: Fjármálahagfræði**

**Dagsetning: Maí 2008**

Hugmyndir um að virkja Héraðsvötn við Villinganes í Skagafirði hafa verið uppi í allmörg ár. Skiptar skoðanir eru um Villinganesvirkjun enda er hún sérstök að vissu leyti. Í fyrsta lagi er virkjunin staðsett í byggð og hefur því töluverð áhrif á samfélagið á svæðinu. Í öðru lagi eru stundaðar flúðasiglingar á Jökulsánum og því skapa árnar atvinnu í Skagafirði. Í þessari ritgerð er fjallað um Villinganesvirkjun og hagkvæmni hennar metin með kostnaðar- og nytjagreiningu. Ritgerðin skiptist upp í þrjá meginkafla. Kafli 2 fjallar um Villinganesvirkjun og umhverfisáhrif hennar. Kafli 3 fjallar um aðferðafræði kostnaðar- og nytjagreiningar og farið er í gegnum helstu kosti og galla. Í kafla 4 er aðferðafræði kostnaðar- og nytjagreiningar notuð til að meta staðarvirði og þjóðhagslegt virði Villinganessvirkjunar.

Niðurstaða greiningarinnar sýndi fram á að Villinganesvirkjun er hvorki hagkvæm fyrir Skagafjörð, né íslensku þjóðina. Sviðsmyndagreining var framkvæmd til að gera grein fyrir hver hagkvæmni Villinganessvirkjunar yrði ef fleiri en ein mikilvæg stærð í greiningunni breytist. Helstu niðurstöður úr sviðsmyndagreiningunni eru:

- Samkvæmt bjartsýnni spá er staðarvirði Villinganessvirkjunar jákvætt um rúma 2,4 milljarða króna og þjóðhagslegt virði jákvætt um tæpa 2 milljarða.
- Samkvæmt svartsýnni spá er staðarvirði Villinganessvirkjunar neikvætt um 4 milljarða króna og þjóðhagslegt virði neikvætt um rúma 5 milljarða.
- Samkvæmt raunsærri spá er staðarvirði Villinganessvirkjunar neikvætt um rúma 2 milljarðar króna og þjóðhagslegt virði neikvætt um rúma 3 milljarða.

Samkvæmt hagstæðum forsendum er Villinganesvirkjun hagkvæm. Forsendur þyrftu hins vegar að breytast svo verulega að það verður að teljast mjög ólíklegt.